*Alþingi*
*Erindi nr. Þ 130/2188*
*komudagur 28.4.2004*

Reykjavík 27. apríl 2004

Sjávarútvegsnefnd Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

**Efni: Umsögn Smábátafélags Reykjavíkur um frumvarp til laga um stjórn fiskveiða, 485. mál, sóknardagar hadfærabáta.**

Smábátafélag Reykjavíkur gerir ekki athugasemdir við frumvarp þetta.

Félagið hefur til margra ára ályktað á þann veg að settur verði lágmarksfjöldi sóknardaga í sóknardagakerfi handfærabáta og hefur krafan verið að fjöldi daganna verði aldrei minni en 23.

Þá er Smábátafélag Reykjavíkur eitt af svæðisfélögum Landssambands smábátaeigenda og bendir í því sambandi á ályktanir frá aðalfundum Landssambandsins sem verið hafa á sama veg.

Það er eindregin von Smábátafélags Reykjavíkur að Alþingi gangi til þess verks að ljúka þeirri óvissu sem ríkt hefur um skipan mála fyrir þennan bátaflokk og verði við þessum kröfum smábátaeigenda.

Virðingarfyllst
F.h. Smábátafélags Reykjavíkur

Þorvaldur Gunnlaugsson